

## **Fornleifakönnun í Reykjanesi við Djúp**



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**

Janúar 2013

NV nr. 01-13

## EFNISYFIRLIT

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1 REYKJANES .....	3
1.1.1 Saga.....	3
1.1.2 Saltsuða á Reykjanesi.....	4
1.1.3 Sundkennsla í Reykjanesi.....	7
<b>MARKMIÐ OG AÐFERÐIR</b> .....	<b>7</b>
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA .....	7
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI .....	9
<b>SKRÁ YFIR FORNLEIFAR</b> .....	<b>9</b>
3.1 REYKJANES FORNLEIFAR .....	10
<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>32</b>
<b>ÞAKKIR</b> .....	<b>34</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>34</b>
<b>KORT</b> .....	<b>35</b>

## INNGANGUR

Þann 10. desember gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Reykjanesi við Djúp. Rannsóknin var gerð af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðing sem jafnframt sá um skýrslugerð.

Land Reykjanes nær yfir allt nesið að Rauðagarði. Nesið er langt og mjótt og nokkuð láglent en það er hæst um 30 m yfir sjávarmáli. Það er innan við 200 m breitt þar sem það er mjóst en mesta breidd þess er um 800 m. Nesið er rúmir 3 km á lengd. Strandlengja jarðarinnar er því hlutfallslega löng eða vel á níunda kílómetra en öll jörðin er um 166 ha.

Svæðið einkennist af klettarönum með hálfgrónum lyngmóum og mosapembum en milli þeirra eru fjölbreyttir votlendispollar. Landið þornar verulega að sumrinu, enda vatnsmiðlun eingöngu frá úrkomu og svæðið er snjólétt. Jarðhiti er allnokkur í Reykjanesi, sjö skráðir staðir í tveimur þyrpingum.<sup>1</sup>

Reykjanesið liggur milli fjarðanna Ísafjarðar og Reykjafjarðar. Reykjafjörður er lítill fjörður sem gengur inn í skagann milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi. Reykjanes er í Súðavíkurbreppi, en landeigandi er Ísafjarðarbær og rannsóknin gerð að beiði Ísafjarðarbæjar.

### 1.1 REYKJANES

#### 1.1.1 SAGA

Í gegnum tíðina hafa verið nokkur umsvif í Reykjanesi. Jarðhitinn hefur verið nýttur við saltsuðu, gróðurhúsaræktun og fiskeldi en einnig var þar rekinn héraðsskóli um árabíl frá árinu 1934 og fram undir síðustu aldamót og vinsælt heilsuhæli á tímabilinu 1940-50. Þar stunduðu menn sund, leirböð og margvíslega útivist. Ekki eru heimildir um fastan búskap í Reykjanesi en ljóst er að fólk sem dvaldi þar hafði einhvern búskap, samanber skólastjóra Héraðsskólans sem reisti fjárhús sem rústir eru enn af. Bændur nýttu sér þó nesið til ræktunar. Fyrsta sundlaugin var byggð árið 1889<sup>2</sup>, en elstu heimildir um sundkennslu á staðnum eru frá 1837. Reykjanes tilheyrði jörðinni Reykjafirði.

---

<sup>1</sup> Vegagerðin 2003. Djúpvegur nr. 61. Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum.

<sup>2</sup> Mogunblaðið 07.11.1989 „Héraðskólinn á Reykjanesi,“

Ferðapjónusturekstur er í Reykjanesi í dag.

### 1.1.2 SALTSUÐA Á REYKJANESI

Hér á eftir fer lýsing á saltsuðunni í Reykjanesi. Heimildir eru fengnar úr nokkrum greinum sem birst hafa í dagböðum. Saltsuðan í Reykjanesi er merkilegt fyrirbæri þó ekki hafi hún staðið yfir í langan tíma. Hér segir gripið niður í frásögn Þorvaldar Thoroddsen frá 1888 þar sem hann lýsir Reykjanesi við komu sína þar og fjallar um saltvinnsluna.

Saltvinnslan í Reykjanesi er allsérstætt sögulegt fyrirbæri og á rætur í átaki Danakonungs á árunum eftir 1770 til að efla þjóðarhag og atvinnuvegi Íslendinga. Saltverksmiðjan tók til starfa 1773 og starfaði í tvo áratugi. Voru fluttir inn fagmenn frá Noregi til að stjórna verkinu. Fékkst ágætis salt úr þessari tilraun framan af, en þegar á leið fóru kaupmenn að kvarta undan litnum á fiskinum sem saltaður var með þessu salti. Hugsanlega hefur blý komið úr suðupönnum sem notaðar voru.

„Á Reykjanesi sjást enn þá margar menjar eftir saltsuðuna, garðhleðslur, grjótstéttir undan saltpönnunum o. fl.. Magnús Ketilsson segir gjörla frá saltverkinu á Reykjanesi. Árið 1772 skipaði konungur svo fyrir, að Conrad Walther skyldi fara til Íslands og skoða Reykjanes.

Walther þessi var embættismaður, með honum fóru saltsuðumaður, múrsveinn og timburmaður og einnig Jón stúdent Arnórsson. Jón átti að læra saltsuðuna, til þess hann seinna gæti haft umsjón með starfinu. Þeir félagar komu þangað í júní mánuði 1773; voru þá þegar reist hin nauðsynlegustu hús og múraðar 3 saltpönnur, og 6. september byrjaði saltsuðan. Næsta ár fór Walther aftur til Íslands samkvæmt konungsráðgjafi 3. janúar 1774, og 21. febr. Sama ár, varð Jón Arnórsson sýslumaður í Ísafjarðarsýslu átti hann um leið að hafa umsjón með saltsuðunni.

Þá voru fleiri hús á Reykjanesi en nú, því nú [1887] er þar enginn kofi; þar voru tvö íbúðarhús, 5 suðuhús, 2 þurrkunarhús, 2 dæluhús, stórt salthús og geymsluhús handa sjó. Þar var sjórinn geymdur í stóru trogi, það var 26 fet á lengd, 18 fet á breidd og 6 fet á dýpt; sjónum var pumpað upp í opinn stokk og rann úr honum í trogið, en úr botni trogsins gengu pípur inn í öll suðuhúsin; sjórinn hófst þannig 28 fet upp frá sjávarmáli og varð að fara 57 faðma frá sjávarmáli upp í trogið stóra. Heita vatnið undir pönnunum spýttist upp um 31 gat í suðuhúsunum. Magnús Ketilsson segir, að 3 hverir séu ofar á nesinu, sem enn séu ekki notaðir er hann ritar (1776), og segir hann að þar megi hafa 24 pönnur, og að hverirnir séu 34 fet yfir sjávarmáli um flóð; segir hann, að hæglega megi stífla það vatn með múr nærri 100 feta löngum og leiða vatnið svo í stokk niður eptir, og ef vatnshjól væri notað, mætti spara vinnukraft, svo eigi þyrftu að vera nema 4 menn í stað 6 vinnumanna, sem þá voru þar. Magnús segir, að hiti hveravatnsins sé 191° (líklega Fahrenheit), en 18° eftir að vatnið er búið að fara um 200 feta langan múraðan stokk. Frá því 6. september 1773 til ársloka 1774 fengust þar 75 tonn, 1775 128 tonn, og frá ársbyrjun 1776 til 13. júní s. á. 92 tonn. Magnús vonar þó, að menn geti fengið þar 325 salttonn á ári. Saltið var ágætt og reyndist vel bæði við fisksöltun og kjötsöltun. Af þessari skýrslu er það auðséð, að það gæti engan veginn borgað sig að brenna þar salt með þeim saltprísnum, sem nú eru. Árið 1776 kom Walther enn þá einu sinni til Íslands til þess að gera uppástungur um saltverkið, svo það yrði aukið og gjört sem fullkomnast. Ári seinna var þar byggt nýtt íbúðarhús fyrir

vinnumenn og efnið í það tekið úr hinum eldri suðuhúsum, sem þóttu of lítil og óhentug; þá var keyptur stór bátur til flutninga, sleði og ýmislegt fleira. Konungur keypti jörðina Reykjarfjörð í makaskiptum fyrir Auðkúlu og Birnustaði, en Jón sýslumaður Arnórsson fékk ábúð á jörðinni með vanalegum leigumála; átti hann að hafa eftirlit með saltbrennslunni. og var því hentugast að hann byggi þar í nánd. Uppástungur Walthers voru nú lagðar fyrir námuráðið í Kaupmannahöfn, og féllst það í alla staði á ákvarðanir hans; síðan voru tilbúnar ýmsar vélar, er nota skyldi við saltbrennsluna, t.d. vatnsvél til þess að pumpa sjóinn upp í pönnurnar o. m. fl. Vorið 1778 voru vélarnar sendar til Reykjarfjarðar, og með skipinu voru smiðir og vélameistari, er átti að setja verkfærin saman.

Nú var ákveðið, að byggja skyldi öll húsin úr múrsteini eða íslenzku grjóti, af því viður fúnaði of fljótt í hveragufunum; samningur var gjörður við kaupmenn á verzlunarstöðum vestra um kaup og flutning á saltinu; áttu þeir að fá hverja tunnu (10 sk.) fyrir 2 rd. Árangurinn af öllu þessu varð lítill eða enginn; salt- brennslan stóð með veikum burðum í 13 ár og var með öllu fallin niður, þegar Jón sýslumaður Arnórsson dó 1796.<sup>3</sup>

Hann heldur áfram að lýsa svæðinu:

„Á fremsta, sléttasta hluta nessins eru hverirnir, sem fyrr var sagt; er þar einkum austan til mýrlendi með smáum tjarnapollum, en þurrlendara nokkuð að vestan, og þar eru hverarnir mestir. Hverarnir eru í 3 þyrpingum. Við austasta hverinn eru engin mannvirki; þar spýtist vatnið upp í endanum á löngum skurði, hitinn er þar 77 gráður. Þar vaxa á bökkunum tegundir af undaffi (Hieracium), af marghyrnu (Polygonum aviculare og P. persicaria), oera, lifrarjurt o. fl. Slý er ekki í læknum, nema þar sem hitinn er aðeins 60° eða minna. Rúmum 60 föðmum vestar er annar hver undir klettunum í melbarði; Þar er hitinn 86 gráður; rétt fyrir ofan hverinn eru tveir gangar, sem skerast. Á nesi þessu er yfir höfuð að tala mjög margir gangar, og stendur hvera myndun líklega í nánu sambandi við þá. Hjá hver þessum er mölin mökuð saman af hitanum og, dálitill hverahrúður í botninum, rennur lækur frá hvernum, og eru 4 heitar hveraholur í bökkunum. Þar hefir garður verið hlaðinn fyrir neðan, svo vatnið safnast saman í dálitla tjörn; garðurinn er úr stóru grjóti, og hafa holurnar milli steinanna verið fylltar með leir. Þetta eru líklega hverirnir, sem Magnús Ketilsson talar um að megi stífla og setja á 24 pönnur. Meginþorri hveranna er utar á nesinu, norður frá þeim, sem nú hefi ég lýst. Hér um bil 25 föðmum neðar fann eg litla bullandi hverholu, hitinn þar var 88°C; vatnið ólgar upp aðra hverja mínútu; hvert skipti sem vatnsgusan kom að neðan, var vatnið 88°, en þess á milli var hitinn að eins 85°. Hér um bil 50 föðmum neðar taka við aðalhverirnir; þar eru mikil mannvirki, hverarnir hlaðnir upp í ferhyrninga og rennur vatnið á milli pollanna, á einum stað hafði enn þá haldizt steinstokkur; gamlir múrsteinar í hverunum voru búnir að fá kísilskorpu að utan. Gegnum hvera þyrpinguna rennur mýrarvatn hér og hvar úr nágrenninu, og frá þeim öllum heitur lækur niður í sjó í vík, sem gengur inn í nestána; þar er stór kartöplugarður við sjóinn hjá læknum. Þar kvað líka koma heitt vatn upp á mararbotni fyrir utan; meðan ég stóð þar við, höfðu mörg þúsund æðarfuglar safnast þar á víkurnar í velgjuna. Hitinn í holunum við norðurhverina er mjög misjafn; í heitustu holunni voru 93°C, en víðast milli 80° og 90°“.

---

<sup>3</sup> Byggt á þýðingu úr Þýdd úr júlí hefti Islandske Maanedstidende 1776 sem byrtist í Skutli 24.12.1969 „Saltvinnsla á Reykjanesi,

Vestanvert við hverina eru harðir balar, og vaxa þar pétursfíflar mjög þétt. Ofar í nesinu kvað vera hver allstór, en hann sáum við ekki. Eftir þessum ummælum að dæma, virðist saltvinnslan hafa gengið sæmilega eða verkið sjálft, en framleiðslan jafnan verið rekin með tapi, of litið fengist af salti til að bera uppi kostnað. Stjórnin hefur því líklega kippt að sér hendinni með fjárframlög að 13 árum liðnum eða máske fyrr. Þó var saltverkið látið lafa meðan Jóns Arnórssonar naut við. En að honum látnum var það eins og fyrr greinir selt á uppboði. Saltvinnsluna sjálfa tók enginn upp eftir það. Það hafa húsin, sem seld hafa verið, og þau áhöld, sem einhvers þóttu nýt.<sup>4</sup>

Kristján Jónsson skrifa grein í Tímamann um Saltvinnsluna á Reykjanesi árið 1944.

„Byggð í Reykjanesinu lagðist niður við lok saltvinnslunnar. Var löngu síðar búið þar í tjöldum og timburskylum, í mánaðartíma að sumrinu, meðan sundkennsla stóð yfir. Fastir bústaðir hófust þar fyrst með stofnun barna- og héraðsskólans fyrir 40 árum.

Lítills háttar menjar saltvinnslunnar sáust á Reykjanesi fram á síðustu ár. Voru það múrsteinabrot og brotnar upphleðslur við hverina, milli núverandi sundlaugar og heimavistarskólans. Aðal sjógeymsluhúsið með keraldinu hefir sennilega staðið við neðri enda heimavistarhússins, og salthúsin verið þar í nánd, niður við sundlaugina. Hafa þessi verksummerki horfið við hin nýju mannvirki í Reykjanesi. Þótt eigi verði sagt, að saltgerðin í Reykjanesi hafi orðið bein lyftistöng verklegra framfara né gefið arð, heldur þvert á móti grynnt í fjárhirzlu stjórnarinnar, þá er þó vert að minnst þessarar iðnaða framkvæmdar, sem á sínum tíma þótti miklum tíðindum sæta. Stofnun saltverksins og starfræksla sýndi augljósa framkvæmdaþrá og löngun eftir að verða landsmönnum að liði með nýjum atvinnurekstri og áður óþekktum hér á landi. Ekki er ósennilegt, að saltvinnslan hafi stuðlað að aukinni saltnotkun, að minnsta kosti í Ísafjarðarsýslu. En saltskortur var einmitt mjög tilfinnanlegur um þessar mundir hér á landi svo matvæli eyðilögðust eða voru etin skemmd og fiskur var ekki saltaður til útflutnings.“

Geta má þess að saltvinnslan í Reykjanesi hefur án efa opnað augu margra manna fyrir nytsemi hverahitans — þótt langt væri raunar að bíða í þeim efnum. — Reykjafjarðarbóndinn hafði lengi matjurtargarða í Reykjanesi, og uppskera mun þar ekki hafa brugðist. Upp úr miðri 19. öld (sumir herma jafnvel um 1830) er tekið að fást við sundkennslu með köflum í Reykjanesi. Fyrst mun hafa verið kennt í Hveravíkinni í sjónum, niður undan núverandi sundlaug. Um 1890 er síðan tekin upp skipuleg sundkennsla á vegum sýslunefndar Ísafjarðarsýslu. Sundlaug hafði þá verið gerð ofar á Reykjanesinu, og síðar var byggt við þá laug smáhýsi úr timbri. Á fyrri ófriðarárunum var svo núverandi sundlaug gerð, og hefir hún verið endurbætt og stækkuð mikið síðan. Árið 1934 er svo

---

<sup>4</sup> Andvari. 14 árg. 1.tbl 1888 *Ferðasaga af Vestfjörðum*. Þorvaldur Thoroddsen

heimavistarbarnaskóli reistur í Reykjanesi, er síðar varð jafnframt héraðsskóli. Rísa þarna úr því upp veglegar byggingar, hver af annarri. Hefst nú nýr þáttur í sögu Reykjaness, stórum glæsilegur<sup>5</sup>.

### 1.1.3 SUNDKENNSLA Í REYKJANESI

S u n d k e n n s l a . Eptir ráðstöfun sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu er nú byrjuð sundkennsla á Reykjanesi; hefir þar verið gjörð sundlaug, og veitir hr. snikkari Páll Magnússon frá Akureyri kennslunni forstöðu, sbr. auglýsingu aptar í blaðinu.

#### SUNDKENNSLA

byrjar í Reykjanesi í Vatnsfjarðarsveit 10.  
p. m. — þeir sem vilja nota kennsluna, snúi sér til sundkennarans, hr. Páls Magnússonar, sem er að finna við sundlaug þá, er gjörð hefir verið í Reykjanesi. — Kennslan fram fer í ár að líkindum að eins mánaðartíma, og mega námspiltar búast við að borga allt að 6 kr. í kennslukaup hver. Ísafirði, 9. júní 1891.  
Skúli Thoroddsen. Gunnar Halldórsson.  
Halddr Jónsson.

Þorsteinn Einarsson gerði greinargerð um sögu sunnkennslu á Reykjanesi sem hefur birst í nokkrum dagblöðum í gegn um tíðina.

„Einn merkastur sundstaður íslenskur. Fyrsta torflaug gerð 1837. Líkur til þess að Gestur Bjarnason (Sund-Gestur) kenni í henni 1837. Markús í Ármúla, Nauteyrarhreppi ritar 1853 Jóni forseta Sigurðssyni bréf þar sem hann greinir frá því í fréttaskyni að sonur hans sé við sundnám og glímunám hjá Gesti Bjarnasyni. Minjar tengdar örnefnum í Reykjanesi eru: Gestslaug (fyrsta laugin?) og Gestsaltari, steinn sem staðið hefur verið uppi á sundprófsdegi er ræður voru fluttar eða nemendur ávarpaðir. Þegar Skúli Thoroddsen, sýslumaður og þingmaður Ísafirðinga, berst fyrir styrk úr landssjóði til eflingar sundmennt landsmanna og þá fyrst og fremst til sundkennslu skólasveina hins lærða skóla í Reykjavík um 1890 getur hann lofsamlega sundkennslu í Reykjanesi sem ætla má samkvæmt ræðum hans að hafi þá lengi verið starfrækt þar vestra. Sundlaug steinsteypt 1925, á þeim stað þar sem hún er enn, að stærð 33 metrar. Aðalsteinn Eiríksson lætur lengja hana í 50 metra 1944. Steypa í veggjum orðin ótraust og því laugin varasöm. Einnig vantar laugarhús (böð og fataherbergi) og vatnshreinsitæki<sup>6</sup>“.

## MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

### 2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

<sup>5</sup> Kristján Jónsson. Tíminn 105. Tbl 15.12. 1944 „Saltvinnslan á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

<sup>6</sup> Hallgrímur Kristjánsson Mogunblaðið 07.11.1984 „Héraðskólinn á Reykjanesi 50 ára“.

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.



Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdir getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki, minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Rústir næst deiliskipulagssvæðinu voru jafnframt mældar.

### Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (Reykjanes 141583) og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (Reykjafjörður 141583-210). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS-141583-210-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens,

flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins. Reykjanes tilheyrði jörðinni Reykjafirði sem er 210 í Jarðatali Johnsens.

### 3.1 REYKJANES FORNLEIFAR

#### Reykjanes 141583 -001

**Hlutverk** Naust

**Tegund** Rúst


**Staðsetning** N:607728 E:343829

**Staðhættir** Niður við höfnina á Reykjanesi 200 metra norðaustur frá Hótelinu er hlaðið naust.

**Minjalýsing** Naustið er hlaðið út grjóti og er ekki mikið hrunið, Veggir eru hæstir um 1,30 m og rústin mælist 14 metrar á lengd og 9 metrar á breidd að utanmáli. Rústin er opin til norðurs.



MYND 1. HLAÐIÐ NAUST. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐUR



TEIKNING 1. TEIKNING AF NAUSTINU VIÐ BYRGGJUNA

#### Reykjanes 141583 -002

**Hlutverk** Fjánhús

**Tegund** Rúst




**Staðsetning** N:607804 E:344016

**Staðhættir** Um 160 metra norður af Hótel Reykjanesi eru rústir fjárhúsa. Fjárhúsin standa neðan við sundlaugina í fjöru rétt við veg. Er líklega um að ræða fjárhús sem fyrsti skólastjóri Héraðsskólans reisti um miðja síðustu öld.

MYND 2. FJÁRHÚS NORÐUR AF HÓTEL REYKJANESI

**Minjalýsing** Rústin er hlaðinn úr torfi og grjóti og er tvö hólf og snúa dyr til hafs. Í öðru hólfinu er garði í miðju húsinu. Veggir eru um meter á hæð og standa nokkuð heilir. Stærð rústarinnar er 11 metrar á lengd



TEIKNING 2. FJÁRHÚSIN GRÁA SVÆÐIÐ ER HLAÐINN GARÐI

og 13 metrar á breidd.

**Reykjanes 141583 -003**

**Hlutverk** Kálgarðar

**Tegund** Garðlög

**Staðsetning** N:607512E:344017

**Staðhættir** Um 40 metra aftan og suður við gamla barnaskólann á Reykjanesi eru merki um kálgarða.

MYND 3. TEIKNING AF KÁLGÖRÐUNUM

„Reykjafjarðarbóndinn hafði lengi matjurtargarða í Reykjanesi, og uppskera mun þar ekki hafa brugðizt,“ segir í heimildum.

**Minjalýsing** Garðarnir eru ílangir og snúa til suðurs og eru fjögur hólf og hlaðnir út torfi og grjóti nokkuð grónir en vel merkjanlegir á yfirborði.



**Reykjanes 141583 -004****Hlutverk** Sundlaug**Tegund** Laug**Staðsetning** N:677149  
E:344165**Staðhættir** Um 450 metrum suður af skólahúsunum er gamla sundlaugin á

Reykjanesi. Eru heimildir um að fyrst hafi verið gerð

þar torflaug um 1837. Á öðrum stað segir „Um 1890 er siðan tekin upp skipuleg sundkennsla á vegum sýslunefndar Ísafjarðarsýslu. Sundlaug hafði þá verið gerð ofar á Reykjanesinu, og siðar var byggt við þá laug smáhýsi úr timbri“<sup>7</sup>.

**Minjalýsing** Ekki sjást minjar um þessa fyrstu torflaug en líklegt að hún hafi verið á sama stað og gamla sundlaugin. Gamla sundlaugin hefur verið á síðustu stigum sínum, steipt og er veggur að hluta uppistandandi en hlutar hans hafa fallið og má ská leifar veggjanna í lauginni. Greinilegt að steipan er gömul og er mikið af grjóti í henni. Sjá má í grjóthleðslur á stöku stað e.t.v. úr lauginni áður en veggur var steiptur.

Grunnur af búningshúsi er við hlið laugarinnar og liggja steiptar tröppur að grunninum, sem er steiptur en einnig sést í

grjóthleðslur. Húsið sem þarna stóð var flutt og stendur við höfnina í dag. Húsið er friðlýst bygging.



**MYND 4.** GAMLA SUNDLAUGIN Á REYKJANESI, HEFUR Í UPPHAFI VERIÐ TORFHLADIN EN AÐ LOKUM STEIPT. GRUNNUR HÚS SEM VAR BÚNINGSKLEFAR SÉRST Á MYDINN



**MYND 5.** GÖMUL LJÓSMYND AF SUNDLAUGINI OG BÚNINGSHÚSI. Á INNFELDU MYNDINI SÉST SAMA HÚS SEM NÚ STENDUR VIÐ HÖFNINA Á REYKJANESI. ELDRI MYNDINN ER FRÁ HÚSAFRÍÐUN RÍKISINS

<sup>7</sup> Hallgrímur Kristjánsson Mogunblaðið 07.11.1984 „Héraðskólinn á Reykjanesi 50 ára „

**Reykjanes 141583 -005****Hlutverk** Samgöngubót**Tegund** Stígur**Staðsetning** N:607284 E:344081**Staðhættir** Frá gömlu sundlauginni liggur stígur upp í klettana, og áfram til norðurs í átt að skólahúsunum.**Minjalýsing**

Gerðar hafa verið tröppur upp brekkuna með grjóti til að auðvelda uppgöngu og síðan tekur við stígur þar sem grjóti hefur verið raðað til þess að merkja leiðina en einnig er leiðin vörðuð. Stígurinn er um 300 metrar á lengd og liggur í áttina að skólahúsunum.



**MYND 6.** GARDUR OG VÖRÐUR SEM LIGGJA FRÁ GÖMLU LAUGINNI Í ÁTT AÐ SKÓLAHÚSUNUM

**Reykjanes 141583 -006****Hlutverk** Samgöngubót**Tegund** Vörður

Hnit á vörðum frá suðri til norðurs:

**Staðsetning** N: 607158 E:344125**Staðsetning** N: 607171 E: 344119**Staðsetning** N: 607195 E:344106**Staðsetning** N: 607261 E:344090**Staðsetning** N: 607298 E:340079**Staðhættir** Frá gömlu sundlauginni í suðurátt til skólahúsanna liggur stígur [005] þessi stígur er varðaður.

**MYND 7.** VÖRÐUR SEM LIGGJA Í ÁTT AÐ SKÓLAHÚSUNUM

**Minjalýsing** Vörðurnar eru ekki mjög háar en þær eru greinilega nokkuð gamlar og fylgja þessari leið sem liggur frá sundlaug að skólahúsum.

**Reykjanes 141583 -007**

**Hlutverk** Óþekkt

**Tegund** Hleðsla

**Staðsetning** N:607270 E:344139

**Staðhættir** Á miðjum stígnum sem liggur frá gömlu sundlaug og í átt að skólahúsum er grjóthleðsla.

**Minjalýsing** Hleðslan er einföld grjótröð sem liggur þvert á stíginn og niður klettana í átt að sjónum, hugsanlega er þetta hleðsla undan girðingu, frekar en garður.



**MYND 8.** GARÐLAG SEM HUGSANLEGA ER UNÐAN GIRÐINGU

**Reykjanes 141583 -008**

**Hlutverk** Íbúðarhús

**Tegund** Hús

**Staðsetning** Æðey

**Staðhættir** „þar voru tvö íbúðarhús, 5 suðuhús, 2 þurrkunarhús, 2 dæluhús,

stórt salthús og geymsluhús handa sjó. Þar var sjórinn geymdur í stóru trogi, það var 26 fet á lengd, 18 fet á breidd og 6 fet á dýpt<sup>8</sup>“.



**MYND 9.** LJÓSMYND AF HÚSI Í ÆÐEY SEM TALID ER AÐ HAFI VERIÐ FLUTT FRÁ SALTVERKINU Á REYKJANESI. LJÓSMYND FRÁ HÚSAFIRÐUN RÍKISINS

<sup>8</sup> Andvari. 14 árg. 1.tbl 1888 *Ferðasaga af Vestfjörðum*. Þorvaldur Thoroddsen.

**Minjalýsing** Talið er að annað þessara íbúðarhúsa sem þarna er lýst sé enn til „Sagan segir að hús þetta hafi verið hluti af byggingum sem reistar voru í Reykjanesi við Ísafjardardjúp i tengslum við saltframleiðslu sem þar fór fram á árunum 1773-1793 samkvæmt fyrirmælum Danakonungs. Húsin keyptu kaupmennirnir Busch og Paus. Ekki er vitað hvenær eða hverjum Busch og Paus seldu húsið, sem hér er til umræðu, sem væntanlega hefur verið annað íbúðarhúsanna í Reykjanesi. Heimildum ber heldur ekki saman um flutningsárið, né hver flutti það, en annað hvort var það Rósinkar Árnason eða faðir hans Árni Jónsson sem flutti húsið út í Æðey og gerði að íbúðarhúsi árið 1874 eða 1878 og hafði það þá staðið lengi autt í Reykjanesi. Jónasarhús eða Betuhús, er það heiti virðist hafa náð yfirhöndinni. Byggt hefur verið við húsið<sup>9</sup>. Húsið stendur í dag í Æðey.

### Reykjanes 141583 -009

**Hlutverk** Íbúðarhús

**Tegund** Heimild

**Staðsetning** Horfið

**Staðhættir** Í lýsingu Þorvalds Thoroddsen frá 1888 segir „þar voru tvö *íbúðarhús*, 5 suðuhús, 2 þurrkunarhús, 2 dæluhús, stórt salthús og geymsluhús handa sjó“<sup>10</sup>.

**Minjalýsing** Talið er að annað þessara húsa standi í Æðey, ekki er vitað hvar hitt húsið er en líklegt er að það hafi jafnframt verið selt eftir að Saltverkið hætti og hugsanlega verið flutt á brott, engar menjar fundust um húsin á vettvangi í Reykjanesi.

### Reykjanes 141583 -010

**Hlutverk** Suðuhús

**Tegund** Heimild

---

<sup>9</sup> Guðlaug Vilbogadóttir 2011. Ritgerð til meistaraþrófs „*Með hús í farangrinum-Flutningur íbúðarhúsa á Íslandi til 1950,*“

<sup>10</sup> Andvari. 14 ág. 1.tbl 1888 *Ferðasaga af Vestfjörðum*. Þorvaldur Thoroddsen.

**Staðsetning** Horfið

**Staðhættir** Kristján Jónsson skrifar í grein í Tímanum árið 1944 „Húsakostur var þá orðinn mikill í Reykjanesi, að þeirrar tíðar hætti. Voru þar talin tvö íbúðarhús, fimm *suðuhús*, tvö þurrkhús, tvö dæluhús, stort salthús og sjógeymsluhús. — Sjórinn var geymdur þar í stóru trogi eða kerald. Það var um 9 metrar á lengd, 6 m á breidd og um 2 metrar á dýpt. Sjónum var dælt í opinn stokk, er lá í kerald, en úr botni þess lágu þiljur í öll suðuhúsin. Sjórinn hófst um 9 metra frá sjávarmáli og var um 114 metra vegur frá sjávarmáli að stóra keraldinu. Ekki var saltmagnið mikið, sem fékkst“<sup>11</sup>. Sjá má í grein Þorvaldar Thoroddsen frá sem birtist í Andvara árið 1888 „Lítils háttar menjar saltvinnslunnar sáust á Reykjanesi fram á síðustu ár. Voru það múrsteinabrot og brotnar upphleðslur við hverina, milli núverandi sundlaugar og heimavistar-skólans. Aðal-sjógeymsluhúsið með keraldinu hefir sennilega staðið við neðri enda heimavistarhússins, og salthúsin verið þar í nánd, niður við sundlaugina. Hafa þessi verksummerki horfið við hin nýju mannvirki í Reykjanesi“<sup>12</sup>.

**Minjalýsing** Greinilegt er að öll ummerki þessara bygginga eru horfin um fyrir miðja síðustu öld.

**Reykjanes 141583 -011****Hlutverk** Suðuhús**Tegund** Heimild**Staðsetning** Horfið

**Staðhættir** Kristján Jónsson skrifar í grein í Tímanum árið 1944 „Húsakostur var þá orðinn mikill í Reykjanesi, að þeirrar tíðar hætti. Voru þar talin tvö íbúðarhús, fimm *suðuhús*, tvö þurrkhús, tvö dæluhús, stort salthús og sjógeymsluhús. — Sjórinn var geymdur þar í stóru trogi eða kerald. Það var um 9 metrar á lengd, 6 m á breidd og um 2 metrar á dýpt. Sjónum var dælt í opinn stokk, er lá í kerald, en úr botni þess lágu þiljur í öll suðuhúsin. Sjórinn hófst um 9 metra frá sjávarmáli og var

---

<sup>11</sup> Kristján Jónsson. Tíminn 105. Tbl 15.12.1944 *Saltvinnslan á Reykjanesi við Ísafjarðardjúpi* Andvari. 14 árg. 1.tbl 1888 *Ferðasaga af Vestfjörðum*. Þorvaldur Thoroddsen

<sup>12</sup> Andvari. 14 árg. 1.tbl 1888 *Ferðasaga af Vestfjörðum*. Þorvaldur Thoroddsen



um 114 metra vegur frá sjávarmáli að stóra keraldinu. Ekki var saltmagnð mikið, sem fékkst,<sup>13</sup>. Sjá má í grein Þorvaldar Thoroddsen frá sem birtist í Andvara árið 1888 „Lítills háttar menjar saltvinnslunnar sáust á Reykjanesi fram á síðustu ár. Voru það múrsteinabrot og brotnar upphleðslur við hverina, milli núverandi sundlaugar og heimavistaraskólans. Aðal-sjógeymsluhúsið með keraldinu hefir sennilega staðið við neðri enda heimavistarhússins, og salthúsin verið þar í nánd, niður við sundlaugina. Hafa þessi verksummerki horfið við hin nýju mannvirki í Reykjanesi“<sup>14</sup>.

**Minjalýsing** Greinilegt er að öll ummerki þessara bygginga eru horfin um fyrir miðja síðustu öld.

## Reykjanes 141583 -012

### Hlutverk Suðuhús

### Tegund Heimild

### Staðsetning Horfið

